



Selfossi, 22. september 2015

Til aðildarsveitarfélaga SASS,
Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands

Efni: Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga - kjörbréf o.fl.

Ákveðið hefur verið verið að halda ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 29. og 30. október nk. í Vík í Mýrdal. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna á meðfylgjandi kjörbréfum, sem send verði skrifstofu SASS fyrir 7. október n.k., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2015	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.150	5
Skaftárhreppur	460	2
Mýrdalshreppur	488	2
Rangárþing eystra	1.749	4
Rangárþing ytra	1.548	4
Vestmannaeyjar	4.272	7
Ásahreppur	216	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	518	3
Flóahreppur	616	3
Sveitarfélagið Árborg	8.052	11
Hrunamannahreppur	794	3
Bláskógabyggð	961	3
Grímsnes- og Grafningshreppur	431	2
Hveragerði	2.384	5
Sveitarfélagið Ölfus	1.885	4
Samtals	26.516	60

Aðsetur - Address:
Austurvegur 56
800 Selfoss
Iceland

Símar - Telephone:
480 8200

Myndsendir - Fax:
480 8201

Netfang - E-mail:
sass@sudurland.is

Kennitala - Id.no.:

480775-0169

ÁRBORG

Brnr: 00-71	Mótt: 24/9/15
Abm: A. Skj.	Mnr: 1509175

Sérstök athygli er vakin á því að aðrar reglur gilda um aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands en þar skal aðeins tilnefndur 1 fulltrúi fyrir hvern eignaraðila, sbr. samþykktir.

Eignaraðilar Sorpstöðvarinnar eru eftirtaldir:

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Sorpstöð Rangárvallasýslu.

Kjörgengir á aðalfundina eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.


Á aðalfundunum eiga einnig sæti stjórnarmenn stofnana á Austurvegi 56 og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga, með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar. Þátttaka þeirra skal einnig tilkynnt til skrifstofu SASS. Aðalfundirnir eru einnig opnir öðrum sveitarstjórnarmönnum á starfssvæðinu sem áheyrnarfulltrúum. Skal þátttaka þeirra einnig tilkynnt ef kostur er.

Tekin hafa verið frá herbergi á Icelandair Hótel Vík, netfang; vik@icehotels.is Ætlast er til að sveitarfélögin panti í einu lagi fyrir sína fulltrúa og verður ekki tekið við pöntunum frá einstökum fulltrúum. Ekki þarf að panta fyrir stjórnarmenn SASS enda þótt þeir séu fulltrúar á fundinum. Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélögum.

Annar kostnaður vegna fundarins, þ.e. vegna máltíða og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfundina þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir 9. október nk., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum. **Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsvæðum 14. október nk.** Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðin. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng skráðra fulltrúa.

Með kveðju,
f.h. SASS



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri